


ALPÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

GRENSÁSVEGUR 16A — 108 REYKJAVÍK — ÍSLAND — FAX 680093 — SÍMI 83044
PÓSTHÓLF 8720 — KENNITALA 420169-6209



Utanríkisráðgjafi,
Hr. Eyjólfur Konráð Jónsson,
Alþingi,
150 Reykjavík

REYKJAVÍK

03/07/92

Alþingi

Erindi nr. Þ 115 / 1511

komudagur 7 / 7 1992

Vegna bréfs yðar frá 12. júní sl. skal eftirfarandi tekið fram.

Alþýðusamband Íslands hefur ekki tekið endanlega afstöðu til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið enn sem komið er.

Um þessi mál hefur hins vegar verið fjallað mikið innan sambandsins á undanförmum misserum og hefur sambandið látið ýmislegt frá sér fara um þessi mál. Þess hefur jafnan verið gætt að koma slíku efni á framfæri við sem flesta, t.d. alþingismenn.

Hjálagt er ýmislegt nýlegt efni sem sambandið hefur látið frá sér fara um Evrópska efnahagssvæðið. Þetta efni er:

1. Bráðabirgðagreinargerð miðstjórnar ASÍ um EES frá því í maí sl.
2. Bæklingur um EES og íslenskan vinnumarkað frá því í janúar.
3. Tvær ályktanir Samandsstjórnarfundar ASÍ frá því í nóvember 1991, önnur almennt um EES-samninginn og hin um kröfu um þjóðaratkvæðagreiðslu.
4. Greinargerð miðstjórnar ASÍ um samninga EFTA og EB frá 20. mars 1991.

Um þetta mál verður væntanlega fjallað enn frekar á okkar vettvangi að loknum sumarleyfum en við munum gjarnan gefa nefndinni ítarlegri upplýsingar sé þess óskað.

Virðingarfyllt,
f.h. Alþýðusambands Íslands,

Ari Skúlason